

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Breyting deiliskipulagsins Eskifjörður – miðbær.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 2. desember 2021 að nýju breytingu deiliskipulagsins Eskifjörður – miðbær eftir úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, mál nr. 103/2021.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að efri hluti Lambeyrarbrautar verður gerður að vistgötu. Einnig verður gert ráð fyrir byggingarlóð fyrir íbúðarhús milli Lambeyrarbrautar 1 og 3.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Breytt deiliskipulag tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri auglýsing vegna breytinga nr. 662/2021.

Fjarðabyggð, 14. janúar 2022.

Jón Björn Hákonarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 28. janúar 2022